

Ed.

526. Nefndarálit

[105. mál]

um frv. til orkulaga.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Við teljum nauðsynlegt að gera á frumvarpi þessu talsverðar breytingar, og gerum við tillögur um það á þessu þingskjali.

Fyrsta breytingin er um það, að einkaréttur ríkisins til að reisa og reka raforkuver yfir ákveðna stærð haldist óbreyttur, en stærðarmörkin séu hækkuð nokkuð frá gildandi lögum.

Fjórða breytingartillagan gerir ráð fyrir því, að orkuráð skuli framvegis gegna svipuðu hlutverki og raforkuráðið gerir nú. Samkvæmt frumvarpinu á orkuráð að hafa mun þrengra starfssvið en nú er, og teljum við þá breytingu sízt til bóta. Raforkuráðið hefur undanfarin ár gegnt veigamiklu hlutverki, og teljum við ekki rétt að þrengja verksvið þess frá því, sem nú er. 2.—3. og 5.—10. breytingartillaga eru breytingar, sem af þessu leiðir.

Þá flytjum við breytingartillögu við 71. grein þess efnis, að lán til að koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota megi nema allt að ¼ stofnkostnaðar í stað ⅓.

Þá er loks síðasta breytingartillagan, sem lýtur að því, að tekin verði upp í lögin ákvæði til bráðabirgða um það, að haldið skuli áfram og lokið rafvæðingu dreifbýlisins á næstu árum, og láti Alþingi þannig skýrt í ljós vilja sinn í þessum efnum.

Samkvæmt þessu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Ríkinu er heimilt að reisa og reka orkuver, sem eru stærri en 100 kw.
Réttur sá, sem ríkinu er áskilinn samkv. 1. málsgr., verður ekki framseldur, nema samþykki Alþingis komi til.
Peir, sem við gildistöku þessara laga hafa rétt til að eiga, reisa eða reka raforkuver, halda þeim rétti áfram.
Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Orkustofnunar og orkuráðs, að veita sveitarfélagi, einstökum manni eða félagi leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2000 kw að stærð til að fullnægja rafafliþörf sinni, ef rafmagnsveitur ríkisins geta eigi eða óska eigi að láta rafaflið í té.
2. Við 8. gr. Á eftir „Orkustofnun“ komi: og orkuráði.
3. Við 17. gr. Á eftir „Orkustofnunar“ komi: og orkuráðs.
4. Á eftir 17. gr. (III. kafla) komi nýr kafli með fyrirsögninni: Um stjórn orkumála, — og fimm greinum þannig:
 - a. (18. gr.) Sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 menn í orkuráð til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann úr hópi kjörinna ráðsmanna. Þóknun til meðlima orkuráðs greiðist úr rikissjóði, og veitist fé til þess árlega á fjárlögum.
 - b. (19. gr.) Verkefni orkuráðs er að fylgjast með stjórn og framkvæmdum í orkumálum, gera tillögur í þeim efnum og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í öllum orkumálum.
 - c. (20. gr.) Orkuráð skal eiga kost á að fylgjast með störfum Orkustofnunar og rafmagnsveitustjóra og rekstri rafmagnsveitna ríkisins. Ráðinu skulu send til athugunar og umsagnar:
 1. Tillögur rafmagnsveitustjóra um að reisa, kaupa eða leigja orkuver eða orkuveitur.
 2. Tillögur ríkisstjórnarinnar til Alþingis um að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum eða festa kaup á slíkum mannvirkjum.
 3. Frumvarp að gjaldskrá rafmagnsveitna ríkisins.
 4. Efnahags- og rekstrarreikningar rafmagnsveitna ríkisins og kostnaðarreikningar mannvirkja í smíðum, svo og skýrslur rafmagnsveitustjóra um rekstur rafmagnsveitna ríkisins.
 5. Fjárhagsáætlanir rafmagnsveitna ríkisins og tillögur um lántökur, önnur fjárframlög og ráðstöfun fjár úr orkusjóði.
 6. Frumvarp að reglugerð um rafmagnsveitur ríkisins.
 7. Erindisbréf, sem ráðherra gefur út handa starfsmönnum hjá orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra, rafmagnsveitum ríkisins og rafmagnseftirliti ríkisins.
 8. Tillögur um ákvörðun orkuveitusvæða héraðsrafmagnsveitu.
 9. Frumvarp að reglugerðum og gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna, ef ráðið óskar þess sérstaklega.
 10. Tillögur um nýjar rafmagnsveitur ríkisins ásamt kostnaðar- og rekstraráætlunum um þær.
 11. Frumvörp að reglugerð og gjaldskrá rafmagnsveitna ríkisins.
 12. Ársreikningur og fjárhagsáætlanir rafmagnsveitna ríkisins.

13. Frumvörp að reglugerð um raforkuvirki.
14. Tillögur til breytinga á orkulögum.
- d. (21. gr.) Ef orkuráð verður eigi sammála um afgreiðslu máls til ríkisstjórnarinnar, skal það gera henni grein fyrir því, hvernig atkvæði féllu um málið í ráðinu, og er hverjum einstökum fulltrúa í ráðinu rétt að leggja fram sérálit í málinu, sem sendist með málskjölum til ríkisstjórnarinnar.
- e. (22. gr.) Ráðherra getur sett orkuráði ákveðinn frest til afgreiðslu mála, sem því eru send til umsagnar. Hann getur í reglugerð, að fengnum tillögum orkuráðs og umsögnum orkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra, sett nánari ákvæði um starfshætti og verksvið þess.
5. Við 33. gr. Á eftir „Orkustofnunar“ komi: og orkuráðs.
6. Við 57. gr. Síðasta málsgrein falli burt.
7. Við 60. gr. Á eftir „Orkustofnun“ komi: og orkuráð.
8. Við 61. gr. Á eftir „rafmagnsveitustjóra“ í 1. málsgrein komi: og orkuráðs.
9. Við 62. gr. Á eftir „rafmagnsveitustjóra“ komi : og orkuráðs.
10. Við 69. gr. 2. og 3. málslíður 1. málsg. falli burt.
11. Við 71. gr. Í stað „ $\frac{2}{3}$ “ í 2. tölulið komi: $\frac{4}{5}$
12. Við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1967—1969 skal leggja rafmagnslínur frá rafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Skal framkvæmdunum skipt sem jafnast á árin. Þegar reiknuð er meðallengd á býli, skal sleppt lengd þeirra lína, sem tengja saman byggðarlög eða byggðarlög aðalveitu.

Rafmagnsveitustjóri skal gera kostnaðaráætlanir um raflínulagnir frá rafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðallínulengd milli býla er 2—2.5 km og 2.5—3 km. Einnig geri hann tillögur um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, og séu tillögurnar við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Áætlanir þessar og tillögur verði gerðar og lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en 1. nóv. 1967.

Alþingi, 15. apríl 1967.

Helgi Bergs, Karl Kristjánsson.
frsm.